

Læsi er meira en stafastaut



SAMEIGINLEGT ÞRÓUNARVERKEFNI LEIKSKÓLA
KÓPAVOGSBÆJAR VETURINN 2016-2017

Skólaárið 2016-2017 tókum við í Austurkór þátt í þróunarverkefninu „Læsi er meira en stafastaut“ en allir leikskólar í Kópavogi voru þátttakendur í því. Markmið og tilgangur verkefnisins var að leggja öflugan grunn að þróun bernskulæsis hjá börnum, efla fjölbreytta vinnu með alla þætti málproska, málskilnings, tjáningar og læsis í leik og skapandi starfi barna og að auka hæfni og þekkingu starfsmanna á viðfangsefninu og styrkja þá í starfi sínu.

Verkefnastjórar þróunarverkefnisins eru Guðrún Bjarnadóttir, menntasviði og Brynja Björk Kristjánsdóttir, leikskólastjóri.

Verkefnið „Læsi er meira en stafastaut“ lýtur að málproska og læsi og bar þátttakendum að hafa stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur í leik- og grunnskólum að leiðarljósi. Hver leikskóli ákvað sína nálgun á efni verkefnisins en hér má lesa skýrsluna sem við í Austurkór höfum gert um okkar verkefni og verður þessi skýrsla hluti af heildarskýrslu þróunarverkefnisins.

Verkefnastjóri í Austurkór

Unnur Ólöf Gunnarsdóttir, sérkennslustjóri tók að sér að vera verkefnastjóri hér í Austurkór og var hlutverk hennar að halda utan um verkefnið, taka saman skráningar og endurmat, veita eftirfylgni og sjá um skýrslugerð.

Þátttakendur

Allt starfsfólk leikskólans, börn og foreldrar tóku þátt í verkefninu.

Okkar nálgun á verkefninu

Þegar við fórum að ræða efnistökin í þróunarverkefninu þá ákváðum við fljótt að vinna með námsefnið „Lubbi finnur málbein“ þar sem vinna með það var byrjuð á einhverjum deildum í skólanum. Okkur þótti tilvalið að vinna frekar með námsefnið, festa það í sessi og nýta markvisst á öllum deildum skólans. Einnig ákváðum við að vera með samræðulestur til að auka lestur bóka í skólanum og gera hann markvissari. Læsinhvetjandi umhverfi var svo þriðji liðurinn sem við ákváðum að hafa í verkefninu en þar máttum við bæta okkur og gera betur.

Þetta námsefni og aðferðir vildum við nota þar sem við teljum að það leiði til markvissra vinnubragða, sé skemmtilegt og aðgengilegt fyrir alla. Einnig sáum við að

alla þessa þætti er auðvelt að tengja við daglegt starf leikskólans, matartíma jafnt sem útinám.

Þessi efnistöð samræmast vel því sem kemur fram í stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur en þar segir:

Stefnan gerir ráð fyrir að unnið sé út frá fimm grunnþáttum lestrar: Hljóðkerfis- og hljóðvitund, lesfimi, lesskilningi, orðaforða og hljóðrænni umskráningu.

Hverju viljum við ná fram með verkefninu

Við viljum að starfsfólk Austurkórs tileinki sér vinnu með námsefnið „Lubbi finnur málbein“, samræðulestur og að vera vakandi fyrir læsishvetjandi umhverfi og að þessar aðferðir verði hluti af daglegu starfi skólans.

Við viljum að allir séu meðvitaðir um mikilvægi fjölbreyttrar vinnu með alla þætti málþroska, málskilnings, tjáningar og læsis í leik og starfi barnanna.

Við viljum auka tengsl á milli skólans og foreldra með þátttöku þeirra í verkefninu.

Námsefnið „Lubbi finnur málbein“

Lubbi finnur málbein er kennsluefni eftir talmeinafræðingana Eyrúnu Ísfold

Gísladóttur og Þóru Másdóttur og er hugsað til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Aðferðin nýtist bæði börnum sem glíma við erfileika í máltöku og hinum sem læra málið án vandkvæða, enda sýna rannsóknir ótvírætt að hljóðanám eflir hljóðkerfisvitund barna og leggur góðan grunn að lestrarnámi. Efnið stuðlar auk þess að auðugri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð.

Lubbastund



b

Í Lubbastund er sagan sem tilheyrir hljóðinu lesin og rædd. Hvað er Lubbi að bralla í dag, hvar á landinu er hann staddur og hvaða málbein ætli hann finni?

Leikið er með orð úr sögunni – rímað, atkvæði klöppuð og þýðing orða rædd.

Málhljóð lagt inn –tæknið kennt og stafurinn sýndur (málbein – mynd af staf).

Vísan er lesin og lærð með endurtekningu og söng.

[Hér](#) má sjá heimasíðu námsefnisins „Lubbi finnur málbein“.

Samræðulestur

Samræðulestur gengur út á að gera ung börn að virkum þátttakendum í lestri sögubóka og er hlutverk hinna fullorðnu í Samræðulestri að hlusta, spyrja og hvetja börnin frekar en að lesa sögur orð fyrir orð.

Hér er slóð inn á meistaraþrófsverkefni Hrafnhildar Steinþórsdóttur sem rannsakaði áhrif samræðulesturs á orðaforða og málþroska barna. Eins og segir í ágrípi hennar í ritgerðinni er...

Markmið þessarar rannsóknar er að komast að því hvort hægt sé að auka og örva orðaforða leikskólabarna með markvissum lestri sögubóka fyrir þau. Þá er tilgangur hennar að ýta undir og styðja við góðar lestrarvenjur foreldra með lestraraðferð sem er bæði þekkt og viðurkennd og hefur sýnt fram á jákvæð áhrif á málþroska ungra barna.

(Hrafnhildur Steinþórsdóttir, 2016)

Kópavogsbær gaf út bæklinginn „Hver ætlar að lesa? Lestrarleiðbeiningar fyrir foreldra leikskólabarna: Eflum málþroska og orðaforða barna með Samræðulestri“ í samvinnu við Hrafnhildi Steinþórsdóttur haustið 2016.

Læsishvetjandi umhverfi

Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 kemur fram að „Umhverfið þarf að vera öruggt, heilsusamlegt og jafnframt hvetjandi og aðlaðandi“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) í leikskólum.

Læsishvetjandi umhverfi eykur forvitni og áhuga og hvetur börn til umhugsunar og þátttöku um mál eða læsistengd viðfangsefni. [Hér](#) má meðal annars lesa um læsishvetjandi umhverfi.

Framkvæmd verkefnisins í Austurkór

Í ágúst 2016 sáu leikskólakennarar í Austurkór um fræðslu um Lubba í Föstudagsfræðslu en Föstudagsfræðsla eru stutt fræðsluerindi sem starfsfólk Austurkórs heldur fyrir hvert annað.

Á starfsmannafundi í september kom Hrafnhildur Steinþórsdóttir og kynnti Samræðulestur fyrir starfsfólkinu. Foreldrum barnanna var boðið að mæta á fyrirlesturinn en aðeins eitt foreldri mætti.

Áætlun var gerð um vinnuna með Lubba þar sem hver vika fékk eitt Lubbatákn og máhljóð. Fyrsta máhljóðið var lagt inn vikuna 22. – 26. ágúst og það síðasta 22. – 26. maí.

Skráningarblöð fyrir kennara vegna samræðulesturs voru sett upp á deildum til að halda utan um lestur kennaranna fyrir börnin.

Bókakassar voru útbúnir að hausti fyrir foreldra og börn til að fá bækur lánaðar heim.

Bæklingurinn „Hver ætlar að lesa“ sem er um Samræðulestur var sendur heim með hverju barni.

Í febrúar hófst lestarátak fyrir foreldra og tóku flestir foreldrar þátt í því. Átakið fólst í því að foreldrar gátu fengið lánaðar bækur hér í leikskólanum til að lesa heima fyrir börnin og svo þegar þau voru búin þá skráðu þau á miða hvaða bækur voru lesnar heima og mynduðu miðarnir orm fyrir framan hverja deild. Bókakassar voru við hverja

deild og í þeim var bæklingurinn um Samræðulestur fyrir foreldra að kíkja á. Hver deild var með sinn orm og hékk hann uppi í fjórar vikur.

Orðaveggur þar sem orð sem tengjast Lýðræðislotunni voru sett upp. Lýðræði býður upp á mörg skemmtileg og öðruvísi orð sem gaman er að skoða og spá í. Lýðræðislotan hefst í janúar og er til loka mars.

Í mars hófst lestrarátak hjá starfsfólkinu. Bókaormur var settur upp á kaffistofu starfsfólks og þar voru skráðar þær bækur sem lesnar voru með samræðulesturs aðferðinni á tveggja vikna tímabili.

Verkefnið var endurmetið á skipulagsdögum í janúar og mars.

Bókaormar



Samantekt bókaorma foreldra og barna í febrúar 2017

Deild	Heildarfjöldi bóka
Sjónarhóll	61
Esja	178
Lundur	101
Askja	50
Dyngja	41

Bókaormarnir héngu uppi í fjórar vikur. Samtals var lesin 431 bók. Mest lesnu bækurnar voru „Hvernig passa á afa“, „Prikað hans Steina“, „Stór og svollítið pirrandi fíll“, „Veiða vind“, „Góða nótt, sofðu rótt“ og „Stígvélaði kötturinn“. Gaman er að segja frá því að fyrir eitt barn voru lesnar 35 bækur á tímabilinu.

Samantekt bókaorms starfsfólks í mars 2017



Lestraráttak kennara stóð yfir í 15 daga. Hver deild fékk sinn lit til að setja í orminn og eins og sjá má þá varð hann langur og skrautlegur. Alls voru 140 bækur lesnar á tímabilinu. 35 appelsínugulir hringir, 25 bleikir, 23 grænir, 23 gulir, 19 rauðir og 15 bláir.

Endurmat á meðan á verkefninu stóð

Í janúar kom fram að okkur hafði gengið vel að vinna með Lubba. Á hverri deild voru fastar Lubbastundir tvisvar til þrisvar í viku. Notkun Lubbatáknanna var ábótavant en hljóðin og stafurinn höfðu verið kennd en táknið ekki nýtt með. Samræðulesturinn hafði byrja vel í september en dalað eftir því sem leið á önnina og starfsfólk nýtti ekki skráningarblöðin sem það átti að skrá á þegar það notaði aðferðina við lestur.

Bókakassarnir sem settir höfðu verið upp fyrir foreldra og börn voru nýttir af fáum fjölskyldum sem voru ánægðar með framtakið.

Í endurmati í mars voru allar deildir sammála um að innleiðing á Lubba hefði gengið vel, eitt máhljóð verið tekið fyrir í viku hverri með innlögn á tákni og vísu auk þess sem sagan var lesin. Samræðulestur hafði enn ekki náð fótfestu, hann var iðkaður að

einhverju leiti en betur má ef duga skal. Aukin notkun varð á bókakössunum og sóttu foreldrar og börn í þá í auknu mæli. Það þarf að gæta þess að skipta reglulega um bækur í kössunum. Bókaormar þar sem foreldrar skráðu hvað lesið var heima fyrir börnin gengu vel og urðu langir og pattaralegir.

Lokaorð

Starfsfólkið er sammála um að það er sýnilegur ávinningur af verkefninu. Það má sjá aukinn áhuga og notkun á bókum í skólanum. Það er oftast sest niður og lesið fyrir og með börnunum. Meira ritmál í umhverfinu hefur eflt áhuga barnanna á ritun og starfsfólkið er meðvitaðara um að hafa umhverfið læsishvetjandi.

Bókakassarnir/ormarnir hafa skapað tengsl á milli heimilis og skóla og eru þeir enn í notkun. Vinnan með Lubba gekk vel og var samkvæmt áætlun. Næsta vetur munum við halda þeirri vinnu áfram.

Þessari vinnu er ekki lokið þó verkefninu sé lokið. Við munum halda áfram með það að markmiði að þessar aðferðir verði hluti að menningu skólans.

